ERLENT

Aðild að EMU komin á dagskrá í Svíþjóð, Danmörku og Grikklandi

Bretar brátt einir fyrir utan?

Innganga í evrópska myntbandalagið er komin á dagskrá í Grikklandi, Danmörku og Svíþjóð. Auðunn Arnórsson segir nú vera útlit fyrir að eftir fáein ár verði Bretland eina ESB-ríkið utan evru-svæðisins.

ÞESSA dagana er farið að líta út fyrir að allt stefni í að þeim aðildarríkjum Evrópusambandsins, sem enn standa utan Efnahags- og myndbandalagsins, EMU, muni senn fækka úr fjórum í eitt.

Danska ríkisstjórnin tilkynnti á fimmtudag að fara myndi fram þjóðaratkvæðagreiðsla um EMU-aðild Danmerkur í haust, og gríska stjórnin sótti sama dag formlega um að Grikkland fengi inngöngu í myntbandalagið. Grikkland var eina ESB-landið sem ekki varð stofnaðili að EMU vegna þess að það uppfyllti ekki hin efnahagslegu skilyrði fyrir henni.

Og á flokksþingi sænskra jafnaðarmanna, sem haldið var um helgina, var samþykkt með atkvæðum 234 þingfulltrúa gegn 113 að æskilegast væri fyrir Svíþjóð að taka upp evruna; bera skyldi málið undir þjóðaratkvæði. Engin dagsetning var hins vegar nefnd í því sambandi, og þar sem flokkurinn, með Göran Persson forsætisráðherra í broddi fylkingar, stendur eins og er að minnihlutastjórn, jafngildir ákvörðun flokksþingsins ekki meirihlutavilja þjóðþingsins. Persson hafði fyrir flokksþingið látið svo ummælt, að það væri landinu fyrir beztu að fá inngöngu í EMU. Og þessi samþykkt flokksþingsins breytir því heldur ekki, að hvað varðar afstöðuna til myntbandalagsins skiptast menn innan flokksins í fylkingar, rétt eins og sænska þjóðin öll.



Að Jafnaðarmannaflokkurinn skuli hafa tekið skýra afstöðu mun þó ugglaust hafa áhrif á almenningsálitið. Samkvæmt Gallup-skoðanakönnun í síðustu viku blæs þó ekki byrlega fyrir EMU-fylgismenn í Svíþjóð um þessar mundir. 37% aðspurðra lýstu sig andvíga, en 35% fylgjandi. Í febrúar hafði fylgið við EMU mælzt 42%. Róttækir vinstrimenn og græningjar, sem fram að þessu hafa stutt minnihlutastjórn Perssons, eru yfirlýstir andstæðingar EMU-aðildar, en sænskir hægrimenn hafa lengi mælzt til þess að landið taki upp evruna.

Ekki undankomu auðið?

Stjórnmálaskýrendur telja líklegast að þjóðaratkvæðagreiðsla um málið verði haldin í Svíþjóð eftir næstu þingkosningar árið 2002. Öfugt við þrönga tímaáætlun Dana kæra Svíar sig ekki um að atkvæðagreiðsla fari fram um þetta umdeilda mál fyrr en eftir að þeir hafa skilað af sér næsta formennskumisseri sínu í ESB, sem verður fyrri hluta næsta árs. Ljóst er að sænska ríkisstjórnin mun ekki leggja til að þjóðin kjósi um málið nema vera a.m.k. vongóð um atkvæði falli eins og henni er að skapi.

Ólíkt Dönum og Bretum, sem sömdu um lögformlegar undanþágur frá skuldbindingu Maastricht-sáttmálans um myntsamruna, varð Svíþjóð ekki stofnaðili að myntbandalaginu 1. janúar 1999 á pólitískum en ekki efnahagslegum forsendum.

Wim Duisenberg, aðalbankastjóri Evrópska seðlabankans, dregur enda í efa að Svíum sé stætt á því að halda sig lengi utan evru-svæðisins. „Svíþjóð hefur ekki farið fram á að semja um eilífðarundanþágu frá þátttöku, sambærilega við þær sem Danmörk og Bretland njóta, svo að ég tel að Svíþjóð eigi sér engrar undankomu auðið," hefur *Reuters* eftir Duisenberg.

Bretar neikvæðir

Þrýstingur á að Svíar geri upp hug sinn í málinu jókst með þeim fréttum sem bárust á fimmtudag frá Kaupmannahöfn og Aþenu. Eftir ákvörðun sænska jafnaðarmanna er nokkuð ljóst að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram í Svíþjóð, frekar fyrr en síðar, og þar með yrðu Bretar eina ESB-þjóðin sem ætti eftir að gera upp sinn hug varðandi myntbandalagið.

Bretar sömdu um sérstaka undanþágu frá þátttöku í EMU, en geta hvenær sem þeir vilja sótt um aðild. Ríkisstjórn brezka Verkamannaflokksins hefur sagt að ákvörðun um það verði ekki tekin fyrr en efnahagsleg skilyrði geri slíka ákvörðun brýna.

Og stjórnarandstaða íhaldsmanna rekur einmitt þessa dagana harða áróðursbaráttu gegn myntbandalagsaðild. Samkvæmt niðurstöðum nýrrar skoðanakönnunar, sem niðurstöður voru birtar úr í *Daily Telegraph* um helgina, ætti tillaga um EMU-inngöngu enga möguleika á að hljóta samþykki í þjóðaratkvæðagreiðslu í Bretlandi eins og er. 69% lýstu sig í könnuninni andvíga því að gefa pundið upp á bátinn. 75 af hundraði aðspurðra sagðist álíta myntbandalagið misheppnað, með tilliti til þeirrar reynslu sem fengin er af framkvæmd þess frá því stofnaðildarríkin ellefu hleyptu því (eða eiginlega þriðja áfanga þess af fjórum) af stokkunum fyrir rúmu ári.

Þykir því býsna ljóst að Bretar taki ekki ákvörðun í málinu fyrr en í fyrsta lagi eftir næstu þingkosningar, en núverandi kjörtímabil rennur út árið 2002.


„Söguleg tímamót" fyrir Grikki

Ólíkt Bretlandi, Danmörku og Svíþjóð vildi Grikkland gerast stofnaðili að EMU, en fékk það ekki vegna þess að hagtölur grísks efnahags voru ekki í samræmi við þær lágmarkskröfur fyrir inngöngu sem kveðið var á um í Maastricht-sáttmálanum. Er Costas Simitis, forsætisráðherra Grikklands, tilynnti á fimmtudag að nú væri komið að því að landið uppfyllti skilyrði EMU-aðildar og því sækti það um inngöngu, sagði hann umsóknina marka söguleg tímamót. Sagði Simitis þjóðarstolt Grikkja liggja að baki umsókninni. Á fundi með forystumönnum úr stjórnmálum og efnahagslífi sagði hann að „í fyrsta sinn í sögu Grikklands standi efnahagslíf landsins frammi fyrir langvarandi stöðugleika".

Að umsóknin skuli hafa verið lögð fram nú eykur líkur á því að Grikklandi reynist kleift að „ná" hinum stofnaðildarríkjunum ellefu og taka þátt í lokaáfanga EMU á sama tíma og þau, sem felst í að setja evru-seðla og -mynt í umferð. Er áformað að þaðgerist í ársbyrjun 2002.

Í Brussel lýstu Romano Prodi, forseti framkvæmdastjórnar ESB, og Pedro Solbes, sem fer með málefni myntbandalagsins í framkvæmdastjórninni, því yfir að stækkun myntbandalagsins yrði til góðs „bæði þeim ríkjum sem þegar eru innan evrusvæðisins sem og þeim sem bætast við".

LISTIR



Þar sem búið er að birta myndir af öllum verðlaunaverkunum hér í blaðinu, þótti mér rétt að tveir fulltrúar hins hreina en afskipta númálverks kæmust að; Íslendingurinn Helgi Þorgils Friðjónsson (Maður og fiskur) . . .

Landamæri málverksins

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir

MÁLVERK – CARNEGIE-VERÐLAUNIN

Opið alla daga frá kl. 10–18. Til 2. apríl. Aðgangur ókeypis.

CARNEGIE-myndlistarverðlaunin, eða „Carnegie Art Award", eins og menn hafa kosið að nefna þau á máli engilsaxa, hafa nú verið veitt öðru sinni og eru verkin á hefðbundnu ferðalagi um Norðurlönd, sem endar raunar að þessu sinni í London, nánar tiltekið á Barbican-listamiðstöðinni. Verðlaunin eru, eins og mörgum mun kunnugt, veglegustu myndlistarverðlaun sem listamönnum getur hlotnast á Norðurlöndum, og var vissulega tími kominn til að myndlistin fengi sína umbun af þessari stærðargráðu líkt og aðrar listgreinar. Þótt fæstir keppi að slíkum verðlaunum í list sinni blunda þau þó trúlega í leyndum hugskotum flestra eftir að á annað borð er búið að koma þeim á laggirnar, ekki síst á tímum óvægrar markaðshyggju. Virðist satt að segja varða líf og dauða á þessum síðustu tímum að vekja á sér og verkum sínum athygli með sem mestum látum, auk þýlyndis við fræðinga og bendiprik, ef mönnum á að lánast að koma list sinni á framfæri, í öllu falli við opinberar listastofnanir.

Carnegie Art Award voru, líkt og skrifað stendur, sett á laggirnar til að styðja framúrskarandi listamenn á Norðurlöndum, og halda á lofti merki málaralistar í hæsta gæðaflokki. Um árlegan viðburð er að ræða sem skiptist í þrennt; farandsýningu á völdum málverkum, útgáfu bókar með upplýsingum og myndum af öllum verkum á hverri sýningu fyrir sig og útdeilingu verðlauna til fjögurra þátttakenda.

Tuttugu og sjö sérfræðingar í norrænni málaralist, eins og það heitir í skrá/bók, tilnefna hverju sinni u.þ.b. eitt hundrað listamenn, sem þeir telja meðal markverðustu listamanna samtíðar sinnar. Í sjálfri dómnefndinni, sem kosin er til þriggja ára, eru Tuula Arkio frá Kiasma, safni núlista í Helsingfors, Olle Granath frá Þjóðlistasafninu í Stokkhólmi, safnstjóri ríkislistasafnanna, Lars Nittve frá Tate Modern í Lundúnum, Bera Nordal frá Malmö Konsthall og Åsmund Thorkildsen frá Astrup Fearnley-núlistasafninu í Ósló. Að þessu sinni valdi dómnefndin tuttugu og sjö listamenn á farandsýningu þá sem nú hefur viðdvöl á Kjarvalsstöðum, eftir gaumgæfilega skoðun eins og þar stendur ennfremur...



. . . og hin sænska Lena Cronqvist (Tvær telpur og mamma þeirra).

– Víða hefur harkalega verið deilt um tilvist málverksins á undangengnum árum, þannig að það hefur sums staðar átt afar erfitt uppdráttar við hlið nýtækni og þeirrar tilhneigingar að sprengja í loft upp allar hliðar hins fyrrum sígilda og afmarkaða ramma. Væri ekki svo fráleitt að líkja slíkum verðlaunum við ferska langþráða morgungolu frá Atlantshafi, er hún loks streymir inn um glugga manns í listaborginni við Signu og bægir loftmengun mollunnar frá um stund. Samt virðist málverkið í sinni fjölþættustu mynd lifa furðu góðu lífi víðast hvar og einmitt í heimsborgum listarinnar; París, New York, London og Berlín, þar sem samkeppnin er óvægnust og fordómar minnstir, þótt hvarvetna hrópi menn eftir nýjungum í takt við vægðarlausa kröfu markaðsvæðingarinnar og núhyggjunnar. Í þá veru fylgir listin meginstraumum umhverfis síns á hverjum stað, hvað sem þeir segja og gera sem vilja meina hana sjálfsprottna náðargáfu, sem lýtur eigin sértækum lögmálum óháðum tímans kliði.

Vitaskuld má réttilega deila á það, að hér er einungis um að ræða einn 7 geira myndlistarinnar, og að jafnvel hin sígilda höggmyndalist skuli ekki komast á blað né heldur svartlist og listgrafík, sem hefur ekki síður átt erfitt uppdráttar vegna útvíkkunar viðtekinna hugtaka. Annars vegar hinnar svonefndu rýmislistar og innsetninga, en hins vegar einþrykkja og hvers konar áhrifameðala til hliðar. Ekkert á þó að mæla gegn því að hinir hreinu miðlar allra listgreina fái sína viðurkenningu áður en það er um seinan, og valtað hefur verið yfir þá líkt og akademíska námið í listaskólunum á síðustu áratugum og ótal mörg önnur gildi skapandi atriða, sem eru í útrýmingarhættu á sama hátt og svo margar afurðir náttúrunnar, að ekki sé minnst á sjálft líffræðið. Menn eru hvarvetna að vakna til vitundar um þessa hluti eins og víða sér stað, þótt þeir séu iðulega síðastir að taka við sér í þessum efnum sem búa á sumum útnárum óspilltrar náttúru og óspillts líffræðis, hins vegar fyrstir að falla fyrir nýjungum utan úr hinum stóra heimi þar sem hin svonefnda siðmenning rís hæst og hausarnir eru flestir. Skond-